BÚNAÐARSAMBAND SUÐURLANDS

Selfossi 25.01 2017

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
B/t Níelsar Árna Lund

Til Búnaðarsambandsins leitaði Jón Viðar Magnússon kt 151244-2709 Lindarhvammi, 203 Kópavogur vegna stofnunar lögbýlis úr landi 3 landspildna í Þykkvabæ Rangárþingi Ytra. Miðkots 1 landnúmer 202214, Miðkots 1 landnúmer 165405 og Smáratúns landnúmer 203097. Spildurnar voru sameinaðar undir landnúmerinu 165405. Fyrirhugað er að nefna landið Djúpárbakka en tilkynna verður örnefnanefnd heiti lögbýlisins í samræmi við lög nr. 35/1953

Landið er 48,3 ha að stærð þar af 15 ha tún og liggur að landi Hábæjar 1 og sunnan við Þykkvabæjarveg. Landið er grasgefið og gott beitiland.

Hrossarækt og að stunda hestamennsku er fyrirhugað ásamt ferðaþjónustu.

Á jörðinn er íbúðarhús úr timbri frá 2016, 62 m2 að stærð. Búseta og að eiga lögheimili á Djúpárbakka er fyrirhugað.

Undirritaður mælir með stofnun lögbýlis á áðurnefndri landspildu.

Virðingafyllst

Sveinn Sigurmundsson

Sveinn Sigurmundsson
Búnaðarsambandi Suðurlands

Búnaðarsamband Suðurlands
Austurvegi 1 · 800 SELFOSS
Sími 480 1800 · Fax 480 1818
Veffang: www.bssl.is
Netfang: bssl@bssl.is

SOUTHAGRI - Agricultural Association of South Iceland
Austurvegur 1 · 800 SELFOSS · ICELAND
Tel. +354 480 1800 · Fax +354 480 1818
Website: www.bssl.is
E-mail: bssl@bssl.is